

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2013

2014/EES/29/21

frá 13. desember 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/121/ESB frá 21. febrúar 2011 um að setja frammistöðumarkmið og viðvörunarmörk fyrir veitingu flugleiðsöguþjónustu í gervöllu Evrópusambandinu fyrir árin 2012 til 2014 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66xc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66xd. **32011 D 0121:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/121/ESB frá 21. febrúar 2011 um að setja frammistöðumarkmið og viðvörunarmörk fyrir veitingu flugleiðsöguþjónustu í gervöllu Evrópusambandinu fyrir árin 2012 til 2014 (Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/121/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökuþing ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2013 frá 13. desember 2013 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 24.